

við tekjur brauðsins, líkt og farið hefir verið að um Stafafells brauð.

1869.
2. mār.

Þær eruð því beðnir, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, að hlutast um, að nýtt mat, eins og að framan er á vikið, fari fram á brauðum þeim, sem nefnd eru í 1.—5. og 7.—13.¹ staðið í ofan nefndu bræfi yðar, og enn fremur á brauðunum, Helgafelli í Snæfellsnessýslu og Sauðanesi í Þingeyjarsýslu. — — — — —

15. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um sekt fyrir drátt á að semja reikning fyrir umboðstekjum.

6. mār.

Í bræfi dagsettu 23. nóvembermán. f. á. hafið þær, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að þær samkvæmt úrskurði stjórnarráðsins 17. septembermán. s. á. hafið gjört 20 rd. sekt á hendur N. N., fyrir að hann hafði vanrækt að senda í tækan tíma reikning fyrir tekjum ríkissjóðsins af N. N. umboði fjárhagsárið 1867—68, og að hann hafi galdið yður tæða sekt. Hafið þær nú beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um, í hvaða sjóð stiptamtíð eigi að greiða sekt þessa, jafnframt og þær ítarlega hafið skýrt frá, hverra efasemda lagaboð þau, er að þessu lúta, sé að yðar hyggju ollandi um þetta efni.

Nú er stjórnarráðið hefir skrifast á við reikningastjórnardeild konungsríkisins um málefni þetta, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þær gjörið ráðstafanir þær, sem með þarf, að þær sekt þessi er ákveðin samkvæmt ákvörðuninni í 27. grein í tilskipun 30. janúarmán. 1793 um

¹) Það eru þessi brauð: Hólmar í Reyðarfirði, Kolfreyjustaður, Heydalir, Hof í Álptafirði, Stafafell, Staðarstaður, Staður á Reykjanesi, Árnes, Staður í Steingrímsfirði, Prestbakki, Hjalta-
bakki og Laufás.

1869.

6. marz.

skattheimtu og reikninga, virðist einnig eiga að fara eptir reglu þeirri, sem þar er sett um, í hvaða sjóð sektir þær, sem þar er um rædt, eigi að renna. En með því að fátækra sjóður rentukammersins nú er runninn inn í ríkissjóðinn, og fyrir því ber að greiða hér í konungsríkinu sektir þær, sem ættu að renna í tæðan fátækra sjóð, í ríkissjóðinn, þá ber samkvæmt því að greiða alla þessa sekt í jarðabókarsjóðinn, og hefir stjórnarráðið hlutast um, að henni verði veitt þar móttaka.

6. marz.

16. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um bókaskrá yfir bókasafn Reykjavíkur skóla.

Í bréfi dagsettu 26. nóvembermán. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, lagt fram með:

- 1, að í sumar, er kemur, þegar bókasafn Reykjavíkur skóla verður flutt í hið nýja bókahús, verði allt bókasafnið vandlega rannsakað, og bókunum skipað niður og raðað í hillurnar þannig, að framvegis verði auðvelt að halda þeim í góðri reglu, og að það megi láta semja bókaskrá um allt það, sem bókasafninu hefir bætzt síðan 1862, þegar samin var skrá yfir bókasafnið eins og það þá var, og
- 2, að Jóni Árnasyni, umsjónarmanni í skólanum, verði falið starf þetta á hendur fyrir 150 til 200 rd. þóknun, og að stjórnarráðið fari þess á leit, að þessi upphæð verði veitt auk þess, sem veitt verður í fjárhagslögunum fyrir fjárhagsárið 1869—70 til útgjalda handa skólanum, eða að það megi verja 150 til 200 rd. til þessa af fè því, sem væntanlega verður veitt í tæðum fjárhagslögum til bókakaupa handa skólanum.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til frekari framkvæmda, að stjórnarráðið fellst eptir atvikum á tillögur yðar, en samt svo, að þóknun sú,